

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/2399

2020/EES/87/09

frá 12. desember 2017

**um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar rétt hæð ótryggðra skuldagerninga í réttindaröð við ógjaldfærni meðferð (\*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu (1),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (2),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ráðgjafarnefnd um fjármálastöðugleika birti 9. nóvember 2015 skilmálaskjal varðandi heildartapgleypni (*e. Total Loss-absorbing Capacity*) („TLAC-staðallinn“) sem G20-hópurinn samþykkti í nóvember 2015. Markmið TLAC-staðalsins er að tryggja að hnattrænir kerfislega mikilvægir bankar, sem vísað er til í ramma Sambandsins sem kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu, hafi þá tapgleypni og endurfjármögnunargetu sem nauðsynleg er til að stuðla að því að tryggja að við skilameðferð, og strax í kjölfar hennar, sé hægt að halda áfram nauðsynlegum starfsþáttum án framlaga frá skattgreiðendum (opinbert fjármagn) og án þess að fjármálastöðugleika sé teflt í tvísýnu. Í orðsendingu sinni frá 24. nóvember 2015 undir heitinu „Í átt að því að bankasambandinu verði endanlega komið á“ skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til þess að leggja fram fyrir lok ársins 2016 tillögu að nýrri löggjöf sem myndi gera mögulegt að taka TLAC-staðalinn upp í löggjöf sambandsins eigi síðar en 2019 í samræmi við þann frest sem samþykktur var á alþjóðavettvangi.
- 2) Við upptöku TLAC-staðalsins inn í lög Sambandsins verður að taka tillit til fyrirliggjandi lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir hverja stofnun fyrir sig sem gilda um allar stofnanir Sambandsins eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB (4). Þar sem TLAC-kröfunum og lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar var komið á til að ná sama markmiði, þ.e. að tryggja að stofnanir Sambandsins hefðu nægilega tapgleypni og endurfjármögnunargetu, ættu þær að koma hverri annarri til fyllingar innan sameiginlegs ramma. Nánar tiltekið lagði framkvæmdastjórnin til að taka ætti upp í lög Sambandsins samræmt lágmarksstig TLAC-staðalsins fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu („TLAC-lágmarkskröfur“) og hæfisskilyrði skuldbindinga sem notaðar eru til að fara að þeim staðli, með breytingum á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (5), á meðan fjalla ætti um viðbót fyrir hverja kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu fyrir sig og kröfurnar fyrir hverja stofnun fyrir sig sem ekki er kerfislega mikilvæg stofnun ásamt viðkomandi hæfisskilyrðum, með markvissum breytingum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 806/2014 (6).

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 96. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 305/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 60.

(1) Stjtið. ESB C 132, 26.4.2017, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB C 173, 31.5.2017, bls. 41.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 30. nóvember 2017 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 7. desember 2017.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilaskýðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB. L 225, 30.7.2014, bls. 1).

Þessi tilskipun, sem varðar rétt hæð ótryggðra skuldagerninga við ógjaldfærni meðferð, kemur til fyllingar áður nefndum lagagerðum með áætluðum breytingum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB <sup>(1)</sup>.

- 3) Í ljósi þessara breytingartillagna og til þess að tryggja réttarvissu fyrir markaði og einingar, sem falla undir lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og TLAC-kröfurnar, er mikilvægt að tryggja að hæfisskilyrði fyrir skuldbindingar, sem notaðar eru til að uppfylla lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og lög Sambandsins sem innleiða TLAC-kröfurnar, verði kunnar tímanlega, og að taka upp viðeigandi ákvæði sem mæla fyrir um að eldri reglur gildi um hæfisskilyrði skuldbindinga sem gefnar voru út áður en endurskoðuðu hæfisskilyrðin taka gildi.
- 4) Aðildarríkin ættu að tryggja að stofnanir hafi næga tapgleypni og endurfjármögnunargetu til að tryggja snurðulausa og skjóta tapgleypni og endurfjármögnun með lágmarksáhrifum á fjármálastöðugleika með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir að byrðar lendi á skattgreiðendum. Til að ná þessu fram ættu stofnanirnar stöðugt að uppfylla TLAC-lágmarkskröfurnar, sem teknar verða upp í lög Sambandsins með breytingum á reglugerð (ESB) nr. 575/2013, og kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eins og kveðið er á um í tilskipun 2014/59/ESB.
- 5) Samkvæmt TLAC-staðlinum þurfa kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu að uppfylla TLAC-lágmarkskröfurnar, með tilteknum undantekningum, með víkjandi skuldum sem eru neðar skuldbindingum í rétt hæð vegna ógjaldfærni sem undanþegnar eru TLAC-kröfunum („kröfur um víkjandi skuldir“). Samkvæmt TLAC-staðlinum fæst víkjandi staða með réttaráhrifum sammings (sammingsbundin víkjandi staða), lögum viðkomandi lögsögu (lögbundin víkjandi staða) eða vegna uppbyggingar samstæðu (víkjandi staða vegna uppbyggingar samstæðu). Þegar þess er krafist samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB ættu þær stofnanir sem falla innan gildissviðs þeirrar tilskipunar að uppfylla þær kröfur sem eiga sérstaklega við þær með víkjandi skuldum til þess að lágmarka áhættuna af lagalegum kröfum lánardrottna á grundvelli þess að tap þeirra við skilameðferð sé meira en tapið sem þeir hefðu orðið fyrir við hefðbundna ógjaldfærni meðferð (meginreglan um að enginn lánardrottinn verði í lakari stöðu).
- 6) Nokkur aðildarríki hafa breytt, eða eru að breyta, reglum um rétt hæð ótryggðra forgangskrafna við meðferð ógjaldfærni í landslögum sínum um ógjaldfærni til að gera stofnunum sínum kleift að fara að kröfum um víkjandi skuldir með skilvirkari hætti og þar með greiða fyrir skilameðferð.
- 7) Landsbundnu reglurnar sem settar hafa verið eru talsvert ólíkar. Skortur á samræmdum reglum fyrir Sambandið skapar óvissu fyrir útgáfustofnanir sem og fjárfesta og er líklegur til að torvela beitingu eftirgjafarúrræða fyrir stofnanir sem starfa yfir landamæri. Skortur á samræmdum reglum fyrir Sambandið er einnig líklegur til að valda röskun á samkeppni á innri markaðnum vegna þess að kostnaður stofnana við að uppfylla kröfur um víkjandi skuldir og kostnaður sem fellur á fjárfesta þegar þeir kaupa skuldagerninga sem stofnanir gefa út gæti verið mjög misjafn innan Sambandsins.
- 8) Í ályktun Evrópuþingsins frá 10. mars 2016 um bankasambandið <sup>(2)</sup> var framkvæmdastjórnin hvött til þess að leggja fram tillögur að leiðum til að draga enn frekar úr lagalegri áhættu krafna samkvæmt meginreglunni um að enginn lánardrottinn verði í lakari stöðu og í niðurstöðu fundar ráðsins frá 17. júní 2016 fór það þess á leit að framkvæmdastjórnin legði fram tillögur að sameiginlegri nálgun á réttindaröð lánardrottna til að efla réttarvissu komi til skilameðferðar.
- 9) Því er nauðsynlegt að ryðja úr vegi þessum umtalsverðu hindrunum í starfsemi innri markaðarins, forðast röskun á samkeppni sem orsakast af skorti á samræmdum reglum fyrir Sambandið um réttindaröð lánardrottna banka og koma í veg fyrir að slíkar hindranir og raskanir verði til í framtíðinni. Af þessum sökum er viðeigandi lagagrundvöllur þessarar reglugerðar því 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 10) Til þess að halda kostnaðinum við að fara að kröfum um víkjandi skuldir í lágmarki sem og sérhverjum neikvæðum áhrifum á fjármögnunarkostnað ætti tilskipunin að heimila, eftir atvikum, aðildarríkjum að halda núverandi flokki almennra ótryggðra forgangslána, sem ódýrara er fyrir stofnanir að gefa út en allar aðrar víkjandi skuldir. Til þess að auka skilabærni stofnana ætti í þessari tilskipun samt sem áður að krefja aðildarríki um að búa til nýjan flokk víkjandi forgangslána, sem skal skipað í réttindaröð fyrir ofan eiginfjárgrunnsgerninga og víkjandi skuldir sem ekki teljast til

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

<sup>(2)</sup> Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

eiginfjárgrunnsgerninga, en fyrir neðan aðrar forgangskröfur. Stofnunum ætti að vera frjálst að gefa út skuldagerninga í forgangsflokki og í víkjandi forgangsflokki. Af þessum tveimur flokkum og með fyrirvara um aðra valmöguleika og undanþágur sem kveðið er á um í TLAC-staðlinum til þess að fara að kröfum um víkjandi skuldir ætti aðeins víkjandi forgangsflokkurinn að teljast hæfur til að uppfylla kröfuna um víkjandi skuldir. Það er í því augnamiði að gera stofnunum kleift að nota ódýrari almenn forgangslán til fjármögnunar eða vegna annarra rekstrarástæðna og gefa út skuldir í nýja víkjandi forgangsflokknum til fjármögnunar á sama tíma og þær fara að kröfunum um víkjandi skuldir. Aðildarríkjunum ætti að vera heimilt að búa til fleiri en einn flokk fyrir aðrar almennar ótryggðar skuldbindingar að því tilskildu að þau tryggji, án þess að hafa áhrif á aðra valmöguleika og undanþágur sem kveðið er á um í TLAC-staðlinum, að einungis hinn víkjandi forgangsflokkur skuldagerninga teljist geta uppfyllt kröfuna um víkjandi skuldir.

- 11) Til þess að tryggja að nýi víkjandi forgangsflokkurinn uppfylli hæfisskilyrðin eins og þeim er lýst í TLAC-staðlinum og eins og sett er fram í tilskipun 2014/59/ESB, og þar með efla réttarvissu, ættu aðildarríki að tryggja að þessir skuldagerningar hafi upphaflegan samningsbundinn lánstíma a.m.k. til eins árs, hafi ekki innbyggðar afleiður og séu ekki sjálfir afleiður, og að viðkomandi skjalagerð vegna samnings sem varðar útgáfu þeirra og, þar sem við á, að útboðs- og skráningarlýsing vísi skýrum hætti til lægri réttthæðar þeirra við hefðbundna málsmeðferð vegna ógjaldfærni. Skuldagerningar með breytilega vexti sem stafa af viðmiðunarávöxtum í almennri notkun, eins og Euribor-vöxtum eða LiBOR-vöxtum, og skuldagerningar sem eru ekki gefnir upp í heimagjaldmiðli útgefanda, að því tilskildu að höfuðstóllinn, endurgreiðsla og vextir séu gefnir upp í sama gjaldmiðlinum, ættu ekki að teljast skuldagerningar sem hafa að geyma innbyggða afleiðu einungis vegna þessara þátta. Tilskipunin ætti ekki að hafa áhrif á neinar kröfur sem kveðið er á um í landslögum um skráningu skuldagerninga í félagaskrá útgefanda fyrir skuldbindingar til að uppfylla skilyrði fyrir flokk víkjandi forgangsskuldagerninga sem kveðið er á um í þessari tilskipun.
- 12) Til þess að efla réttarvissu fjárfesta ættu aðildarríki að tryggja að almennir ótryggðir skuldagerningar og aðrar almennar ótryggðar skuldbindingar sem ekki eru skuldagerningar séu réttthæri í landslögum um ógjaldfærni en nýi víkjandi forgangsflokkurinn fyrir skuldagerninga. Aðildarríkin ættu einnig að tryggja að víkjandi forgangsflokkurinn fyrir skuldagerninga sé réttthæri en eiginfjárgrunnsgerningar og víkjandi skuldir sem ekki teljast til eiginfjárgrunnsgerninga.
- 13) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að mæla fyrir um samræmdar reglur um réttthæð ótryggðra skuldagerninga við ógjaldfærnimeðferð að því er varðar rammann um endurreisn og skilameðferð og einkum að efla skilvirkni reglna um eftirgjöf, og markmiðunum verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum. Einkum ætti þessi tilskipun ekki að hafa áhrif á aðra valmöguleika og undanþágur sem kveðið er á um í TLAC-staðlinum til þess að fara að kröfum um víkjandi skuldir.
- 14) Rétt þykir að breytingarnar á tilskipun 2014/59/ESB sem kveðið er á um í þessari tilskipun gildi um ótryggðar kröfur sem stafa af skuldagerningum sem gefnir eru út þegar eða eftir að þessi tilskipun kemur til framkvæmda. Hins vegar, í þágu réttarvissu og til að draga úr kostnaði við umbreytingu eins og unnt er, er nauðsynlegt að taka upp viðeigandi verndarráðstafanir að því er varðar réttthæð krafna við ógjaldfærnimeðferð sem stafa af skuldagerningum sem gefnir voru út fyrir þá dagsetningu. Því ættu aðildarríkin að tryggja að um réttthæð allra útistandandi krafna sem stafa af skuldagerningum við ógjaldfærnimeðferð, sem stofnanir hafa gefið út fyrir þá dagsetningu, gildi lög þess aðildarríkis eins og þau voru samþykkt 31. desember 2016. Að því marki sem landslög, eins og þau stóðu 31. desember 2016, snúa að því markmiði að heimila stofnunum að gefa út víkjandi skuldbindingar ættu sumar eða allar kröfur, sem stafa af skuldagerningum, sem gefnir eru út fyrir daginn þegar þessi tilskipun kemur til framkvæmda, að geta haft sömu réttthæð við ógjaldfærnimeðferð og ótryggðir, víkjandi forgangsskuldagerningar sem gefnir eru út samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Að auki ættu aðildarríkin að geta eftir 31. desember 2016 og fyrir daginn þegar þessi tilskipun kemur til framkvæmda, aðlagð landslög sín sem fjalla um réttthæð ótryggðra krafna sem stafa af skuldagerningum við hefðbundna málsmeðferð vegna ógjaldfærni, sem gefnir eru út eftir daginn þegar slík lög koma til framkvæmda, til þess að fara að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Í því tilviki ættu einungis ótryggðar kröfur sem stafa af skuldagerningum sem gefnir eru út fyrir daginn þegar nýju landslögin koma til framkvæmda að halda áfram að heyra undir lög aðildarríkjanna eins og þau voru samþykkt 31. desember 2016.

- 15) Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki kveði á um að þessi tilskipun ætti að gilda áfram þegar útgáfuáðilar falla ekki lengur undir ramma Sambandsins um endurreisn og skilameðferð, einkum vegna sölu á lánum þeirra eða fjárfestingarstarfsemi til þriðja aðila.
- 16) Í þessari tilskipun er rétt hæð samkvæmt hefðbundinni meðferð á ótryggðum kröfum sem stafa af skuldagerningum vegna ógjaldfærni samræmd og ekki fjallað um rétt hæð innstæðna við ógjaldfærni meðferð umfram þau ákvæði tilskipunar 2014/59/ESB sem þegar eru í gildi. Þessi tilskipun hefur því hvorki áhrif á núgildandi landslög né framtíðarlög aðildarríkja sem fjalla um hefðbundna ógjaldfærni meðferð sem gilda um rétt hæð innstæðna við ógjaldfærni meðferð að því marki sem slík réttindaröð er ekki samræmd með tilskipun 2014/59/ESB, óháð dagsetningunni þegar innstæðan var lögð inn. Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða beitingu tilskipunar 2014/59/ESB fyrir 29. desember 2020 að því er varðar rétt hæð innstæðna við ógjaldfærni og einkum meta þörfina á frekari breytingum á henni.
- 17) Til þess að tryggja réttarvissu fyrir markaði og einstaka stofnanir og til að auðvelda skilvirka beitingu eftirgjafarúrreða, ætti þessi tilskipun að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

**Breytingar á tilskipun 2014/59/ESB**

Tilskipun 2014/59/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 48. liðar 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„(48) „skuldagerningar“:

- i. að því er varðar g- og j-lið 1. mgr. 63. gr., skuldabréf og önnur form framseljanlegra skulda, gerningar sem skapa eða viðurkenna skuld og gerningar sem veita rétt til að kaupa skuldagerninga og
- ii. að því er varðar 108. gr., skuldabréf og önnur form framseljanlegra skulda og gerningar sem skapa eða viðurkenna skuld,“

- 2) Í stað 108. gr. komi eftirfarandi:

„108. gr.

**Rétt hæð í réttindaröð við ógjaldfærni meðferð**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að í landslögum þeirra um hefðbundna ógjaldfærni meðferð:

- a) skiptist eftirfarandi í sömu stöðu í forgangsörð sem er fremri staða en sú sem veitt er vegna krafna almennra ótryggðra lánardrottna:
  - i. sá hluti tryggingarhæfra innstæðna einstaklinga og örfyrirtækja, lítilla fyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja sem er hærri en sem nemur þeirri tryggingavernd sem kveðið er á um í 6. gr. tilskipunar 2014/49/ESB,
  - ii. innstæður einstaklinga, örfyrirtækja, lítilla fyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja sem væru tryggingarhæfar innstæður hefðu þær ekki verið lagðar inn í gegnum útibú stofnunar sem komið er á fót innan Sambandsins og er staðsett utan Sambandsins.
- b) hafi eftirfarandi sömu stöðu í forgangsörð sem er hærri en sú sem veitt er skv. a-lið:
  - i. tryggðar innstæður,
  - ii. innstæðutryggingakerfi sem ganga inn í kröfu til réttinda og skuldbindinga tryggðra innstæðueigenda við ógjaldfærni.

2. Aðildarríkin skulu tryggja, að því er varðar einingar sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr., að almennar ótryggðar kröfur séu, samkvæmt þeim landslögum sem fjalla um hefðbundna ógjaldfærni meðferð, rétt hærri en ótryggðar kröfur sem stafa af skuldagerningum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) upphaflegur sammingsbundinn lánstími skuldagerninganna er a.m.k. eitt ár,
- b) skuldagerningarnir hafa ekki að geyma neinar innbyggðar afleiður og eru ekki sjálfir afleiður,
- c) viðkomandi skjálagerð vegna sammings og, þar sem við á, að útböðs- og skráningarlýsing, sem varða útgáfuna, vísar með skýrum hætti til lægri rétt hæðar þeirra samkvæmt þessari málsgrein.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að ótryggðar kröfur sem stafa af skuldagerningum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 2. mgr. þessarar greinar séu réttþærri í landslögum þeirra um hefðbundna ógjaldfærnimeðferð en kröfur sem stafa af gerningum sem um getur í a- til d-lið 1. mgr. 48. gr.

4. Með fyrirvara um 5. og 7. mgr. skulu aðildarríki tryggja að landslög þeirra um hefðbundna ógjaldfærnimeðferð, eins og þau voru samþykkt 31. desember 2016, gildi um réttþæð ótryggðra krafna sem stafa af skuldagerningum sem gefnir eru út af stofunum sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar í hefðbundnum ógjaldfærnimeðferðum, fyrir gildistöku dag ráðstafana samkvæmt landslögum sem gerðar eru til að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2399 (\*).

5. Þegar aðildarríki samþykkir landslög, eftir 31. desember 2016 og fyrir 28. desember 2017, um réttþæð ótryggðra krafna sem stafa af skuldagerningum sem gefnir eru út eftir daginn þegar slík landslög koma til framkvæmda, við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð, skal 4. mgr. þessarar greinar ekki gilda um kröfur sem stafa af skuldagerningum sem gefnir eru út eftir þann dag þegar þessi landslög koma til framkvæmda, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) samkvæmt þeim landslögum, og að því er varðar einingar sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr., eru almennar ótryggðar kröfur við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð, réttþærri en ótryggðar kröfur sem stafa af skuldagerningum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. upphaflegur samningsbundinn lánstími skuldagerninganna er a.m.k. eitt ár,

ii. skuldagerningarnir hafa ekki að geyma neinar innbyggðar afleiður og eru ekki sjálfir afleiður og

iii. viðkomandi skjalagerð vegna samnings og, þar sem við á, að útboðs- og skráningarlýsing, sem varða útgáfuna, vísa með skýrum hætti til lægri réttþæðar þeirra samkvæmt landslögum,

b) ótryggðar kröfur sem stafa af skuldagerningum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-lið þessarar undirgreinar séu réttþærri í landslögum um hefðbundna ógjaldfærnimeðferð en kröfur sem stafa af gerningum sem um getur í a-til d-lið 1. mgr. 48. gr.

Á gildistöku degi ráðstafana samkvæmt landslögum til að lögleiða tilskipun (ESB) 2017/2399 skulu ótryggðar kröfur, sem stafa af skuldagerningum sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, hafa sömu réttþæð og um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. og 3. mgr. þessarar greinar.

6. Að því er varðar b-lið 2. mgr. og ii-lið a-liðar fyrstu undirgreinar 5. mgr. skulu skuldagerningar, með breytilegum vöxtum sem stafa af viðmiðunarvöxtum í almennri notkun og skuldagerningarnir sem eru ekki gefnir upp í heimagjaldmiðli útgefanda, að því tilskildu að höfuðstóllinn, endurgreiðsla og vextir séu gefnir upp í sama gjaldmiðli, ekki að teljast skuldagerningar sem hafa að geyma innbyggða afleiðu einungis vegna þessara þátta.

7. Aðildarríkin sem samþykktu landslög, fyrir 31. desember 2016, um hefðbundna ógjaldfærnimeðferð þar sem almennar ótryggðar kröfur, sem stafa af skuldagerningum sem gefnir eru út af einingum sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 11. gr., er skipt upp í tvo eða fleiri mismunandi flokka hvað varðar réttþæð eða þar sem réttþæð almennra ótryggðra krafna sem stafa af slíkum skuldagerningum breytist í hlutfalli við allar aðrar almennar ótryggðar kröfur með sömu réttþæð, geta kveðið á um að skuldagerningar með lægstu réttþæð, meðal þeirra almennu ótryggðu krafna, hafi sömu réttþæð og kröfur sem uppfylla skilyrðin í a-, b- og c-lið 2. mgr. og 3. mgr. þessarar greinar.

---

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2399 frá 12. desember 2017 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar réttþæð ótryggðra skuldagerninga í réttindaröð við ógjaldfærnimeðferð (Stjúð. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 96).“

2. gr.

### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. desember 2018. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá gildistöku þeirra að landslögum.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
3. Ákvæði 2. mgr. skulu ekki gilda þegar landsráðstafanir aðildarríkis í gildi fyrir gildistöku þessarar tilskipunar eru í samræmi við þessa tilskipun. Í þeim tilvikum skulu aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina um það.
4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

#### **Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða beitingu 1. mgr. 108. gr. tilskipunar 2014/59/ESB fyrir 29. desember 2020. Framkvæmdastjórnin skal einkum meta þörfina á frekari breytingum með tilliti til rétt hæðar innstæða við ógjaldfærni. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrslu um hana til Evrópuþingsins og ráðsins.

4. gr.

#### **Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

#### **Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 12. desember 2017.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. TAJANI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. MAASIKAS

*forseti.*